

FUNDARGERÐ

Laugardaginn 26. október 2013 kl. 11:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáráðuneyti. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi á 1. hæð Sölvhólsstötu 7 Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, varamaður Bjarkar Þorsteinsdóttur og Hermann Jón Tómasson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundasambandi var Þórunn Egilsdóttir.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 20. september 2013. Fundagerðin var samþykkt og undirrituð án athugasemda.

ENDURSKOÐUN Á GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN SJÓÐSINS 2014

Lögð voru fram til kynningar ný drög að greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2014. Þær breytingar sem gerðar höfðu verið á áætluninni frá síðasta fundi eru eftirfarandi:

- Áætlaðar tekjur sjóðsins af 0,77% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans voru hækkaðar úr 8.046,0 m.kr. í 8.145,0 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útsvarsstofni 2014. Heildarfjárhæð framlaga vegna yfirfærslu grunnskólans var hækkuð að sama skapi um 99,0 m. kr.
- Áætlaðar tekjur sjóðsins af 0,99% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra voru hækkaðar úr 10.346,0 m.kr. í 10.472,0 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útsvarsstofni 2014. Heildarfjárhæð framlaga vegna yfirfærslunnar var hækkuð að sama skapi um 126,0 m.kr.

FRAMLAG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um úthlutun framlaga á árinu 2014 vegna sameiningar sveitarfélaga. Á yfirlitinu kemur fram að einungis sé um framlög að ræða vegna þriggja sameininga:

- Til Hörgársveitar er um að ræða síðustu greiðslu framlags vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í nýju sveitarfélagi sem nemur 5% af heildarframlagi að fjárhæð 36,0 m.kr. eða 1,8 m.kr.
- Til Húnaþings vestra er um að ræða greiðslu framlags vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu sem nemur 25% af heildarframlagi að fjárhæð 30,0 m.kr. eða 7,5 m.kr.
- Til Garðabæjar er um að ræða 1/3 hluta af sérstöku viðbótarframlagi vegna skuldajöfnunar sem nemur í heildina 150,0 m.kr. eða 50,0 m.kr. Framlag til endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu nemur 15,0 m.kr. sem er um 1/3 hluti af samþykktu framlagi að fjárhæð 46,0 m.kr. Einnig verður um sérstakt framlag að ræða vegna skerðingar á útgjaldajöfnunarframlagi sjóðsins í kjölfar sameiningar.

Ef sveitarfélögin nýta ekki alla heimild sína hvað framlag til endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu á árinu 2013 varðar mun framlag ársins 2014 hækka sem vannýtingunni nemur.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að áætlun um úthlutun framlaga til einstakra sveitarfélaga á árinu 2014 vegna sameiningar sveitarfélaga væri samþykkt.

FRAMLAG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Skiftárhreppur

Umfjöllun bíður næsta fundar en þá mun umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um beiðni Skiftárhrepps um úthlutun framlags liggja fyrir.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri heildarúthlutun útgjaldaöfnunarframlaga til sveitarfélaga á árinu 2014, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010, samtals að fjárhæð 5.723,0 m.kr.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 4.973,0 m.kr. samkvæmt A-hluta og 575,0 m.kr. samkvæmt B-hluta reglugerðarinnar eða samtals 5.548,0 m.kr.

Á grundvelli B-hluta 13. gr. reglugerðar vegna skólaaksturs úr dreifbýli koma til úthlutunar 175,0 m.kr. í lok árs, sbr. b-lið 3. gr. vinnureglna frá 8. desember 2010.

Helstu forsendur við áætlun um úthlutun framlaganna eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2013.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2013.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2013.
- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í september 2013.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. desember 2010, 2011 og 1. júlí 2013 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur frá 23. september 2013 við útreikning áætlaðra tekjujöfnunarframlaga á árinu 2013 vegna tekjuskerðingar.

Við tillögugerð að áætlaðri úthlutun útgjaldaöfnunarframlaga á árinu 2014 til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

ENDURSKOÐUÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2014

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2014 vegna yfirfærslu grunnskólans. Eftirfarandi breytingar höfðu verið gerðar á áætluninni frá síðasta fundi:

Áætlaðar tekjur sjóðsins af 0,77% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans voru hækkaðar úr 8.046,0 m.kr. í 8.145,0 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útsvarsstofni 2014 eða um 99,0 m.kr. eins og áður segir.

Framlög vegna yfirfærslu grunnskólans hafa tekið breytingum sem hér segir:

- Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda voru lækkuð úr 1.978,7 m.kr. í 1.894,0 m.kr. eða um 84,7 m.kr. vegna ofáætlunar á síðasta fundi.
- Vegna áætlunar um hærri tekjur af hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars var framlagið til Sambandsins hækkað úr 136,7 m.kr. í 138,5 m.kr. eða um 1,7 m.kr.
- Vegna áætlunar um hærri tekjur af hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars var almenna jöfnunarframlagið hækkað úr 5.603,1 m.kr. í 5.785,0 m.kr. eða um 181,9 m.kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu grunnskólans árinu 2014 væri samþykkt.

ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA

Tillaga að áætlun 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga á árinu 2014, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Samtals er um að ræða úthlutun framlags að fjárhæð 5.725,0 m.kr. vegna ársins 2014. Við bætast leiðréttingar að fjárhæð 60,0 m.kr. vegna ársins 2012. Áætlaðar heildargreiðslur almennra jöfnunarframlaga nema því 5.785,0 m.kr. á árinu 2014.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2014:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2013.
- Upplýsingar um skólagerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2013.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga vegna tekna 2012 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2013.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um að áætluð heildarúthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2014 næmi samtals 5.785,0 m.kr.

Við tillögugerð að áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2014 til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

FRAMLAG VEGNA SÉRÞARFA FATLAÐRA NEMENDA

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2014

Fram kom að Jöfnunarsjóði hefðu borist umsóknir vegna 794 fatlaðra nemenda vegna ársins 2014 en þar af falla 525 nemendur undir vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins, 42 nemendur falla ekki undir viðmið sjóðsins. Afgreiðsla vegna 227 nemenda fer í bið.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðir úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2014. Framlögina nema 879,0 m.kr. að viðbættu framlagi til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings um rekstur sérskóla og sérdeilda að fjárhæð 1.015,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu til ráðherra um áætlaða heildarúthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2014, samtals að fjárhæð 1.849,0 m.kr.

Við tillögugerð að áætlaðri úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2014 til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

ENDURSKOÐUÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2014

Lögð voru fram til kynningar endurskoðuð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2014 vegna yfirlýsingar á málefnum fatlaðs fólks. Þær breytingar sem gerðar höfðu verið á áætluninni frá síðasta fundi eru eftirfarandi:

- Áætlaðar tekjur sjóðsins af 0,99% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfirlýsingar á málefnum fatlaðs fólks hafa verið hækkaðar úr 10.346,0 m.kr. í 10.472,0 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útsvarsstofni 2014 eða um 126,0 m.kr.
- Vegna áætlunar um hærri tekjur hefur almenna jöfnunarframlagið verið hækkað úr 10.065,0 m.kr. í 10.192,0 m.kr. eða um 127,0 m.kr.

ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2013

Tillaga að endurskoðaðri áætlun framlaga 2013

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 623/2013. Áætlunin byggir á eftirfarandi skiptingu til sveitarfélaga/þjónustusvæða:

- 53,34% greining á fylgni flokka stuðningsþarfar (SIS mat) og kostnaðar á einstakling
- 13,33% skiptast hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn
- 33,33% skiptast hlutfallslega miðað við framlög ársins 2011

Eftir að áætlun framlaganna var birt í byrjun maí sl. var þjónustusvæðum/sveitarfélögum gefinn kostur á að yfirfara innsendar upplýsingar um þjónustuþega og kostnað vegna þeirra á árinu 2012 og gera leiðréttingar ef villur hefðu komið fram í gögnum svæðanna. Ljóst var við framlagningu áætlunarinnar í maí að þjónustusvæði Reykjavíkurborgar/Seltjarnarneskaupstaðar hafði ekki skilað fullnægjandi upplýsingum til sjóðsins. Við það að svæðið sendi inn leiðrétt gögn breyttist áætlunin nokkuð.

Eitt af meginmarkmiðum með upplýsingaöflun sjóðsins vegna framlaganna 2013 var að kanna fjölda þeirra þjónustuþega sem komu nýir inn í þjónustu á árunum 2012 og 2013 til að unnt væri að framkvæma SIS mat á einstaklingum sem nýir væru í þjónustunni. Á grundvelli þessara upplýsinga framkvæmdi Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins mat á 165 einstaklingum sl. sumar og haust.

Fjallað var um stöðu mála hvað varðar endurskoðun áætlunarinnar á úthlutun framlaga árið 2013 vegna þjónustu við fatlað fólk m.t.t. SIS matsins sem fór fram í sumar og í haust og framreiknings framlaga til þjónustusvæða/sveitarfélaga. Við endurskoðun áætlunarinnar var jafnframt tekið tillit til óvenjulegrar stuðningsþarfar einstaklinga með líkamlega fötlun.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að endurskoðuð áætlun um framlög vegna málefna fatlaðs fólks árið 2013 væri samþykkt.

MÖGULEG AÐKOMA JÖFNUNARSJÓÐS AÐ NEIKVÆÐUM SVEIFLUM MILLI ÁRA

Heimild á grundvelli reglugerðar

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks á árinu. Í áætluninni kemur fram hækkun á framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu úr 300,0 m.kr. í 416,6 m.kr. Ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti beiðni ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um viðbótarframlag úr Fasteignasjóði að fjárhæð 116,6 m.kr.

Fjárhæðin kemur til greiðslu á grundvelli framlaga vegna breytingakostnaðar þegar fyrir liggur niðurstaða hvað varðar mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að neikvæðum áhrifum reglugerðar nr. 623/2013 á úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013, sbr. heimild í d-lið 2. gr. reglugerðar, nr. 578/2012, um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Tillaga að viðbótarframlagi 2013

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að komið yrði til móts við svæði þar sem fjárhagslega neikvæðar sveiflur milli ára eru verulegar með viðbótarframlögum sem nema allt 75% af lækkun framlaga milli árana 2012 og 2013.

BEIÐNIR UM ENDURSKOÐUN SAMNINGA VIÐ SJÁLFSTÆÐA ÞJÓNUSTUADILA

Mosfellsbær vegna Skálatúns

Sveitarfélagið Árborg vegna Sólheima

Á fundi ráðgjafarnefndar 20. september sl. voru lögð fram til umfjöllunar erindi Mosfellsbæjar vegna Skálatúns og erindi Sveitarfélagsins Árborgar vegna Sólheima. Á fundinum var samþykkt að kannað yrði á hvern hátt væri hægt að koma til móts við beiðnir sveitarfélaganna og eru erindin nú lögð fram að nýju til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fram kom að við gerð þjónustusamninga við Sólheima og Skálatún vegna ársins 2012 hafi orðið samkomulag um að greiðslur svæðanna til sjálfstæðu þjónustuaðilanna tækju mið af niðurstöðu kostnaðargreiningar á grunni SIS matsins. Vegna breyttra aðferða við útreikning framlaga árið 2013 hefði grunnur SIS flokkanna ekki hækkað í takt við launa- og verðlagsbreytingar og því hefði framlag sem byggir á SIS mati lækkað til sjálfstæðu þjónustuaðilanna í þessum sveitarfélögum.

Fram kom það mat ráðgjafarnefndarinnar að með hækkun framlaga til Mosfellsbæjar milli árana 2012 og 2013 væri þjónustusvæðinu sjálfu unnt að koma til móts við beiðni Skálatúns um aukið framlag.

Það kom jafnframt fram hjá nefndinni að með tilkomu viðbótarframlags til Sveitarfélagsins Árborgar vegna lækkunar framlaga milli árana 2012 og 2013 væri þjónustusvæðinu sjálfu gert kleift að koma til móts við beiðni Sólheima um hækkun framlaga.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að erindum Mosfellsbæjar og Sveitarfélagsins Árborgar væri hafnað.

NÝ REGLUGERÐ UM FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK Á ÁRINU 2014

Lagt var fram til umfjöllunar yfirlit yfir fyrirhugaðar breytingar á reglugerð nr. 623/2013 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 sem ná þyrftu fram að ganga við gildistöku nýrrar reglugerðar vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að frekari umræðu væri frestað þar til fyrir lægju drög að reglugerð með fyrirhuguðum breytingum.

ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2014

Verklag við tillögugerð að áætlun um úthlutun framlaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fyrsta tillaga að áætlun um úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014. Áætlunin byggir á eftirfarandi þáttum:

- Kostnaðargrunni sem liggur fyrir á árinu 2013.
- Jöfnun á grunni stuðningsþarfar sem hefur 80% vægi og útsvar sem hefur 20% vægi.

Fram kom að áætlunin gerir ráð fyrir að frekari upplýsingaöflun vegna framlaganna fari fram í nóvember og desember. Kennitölur einstaklinga verða þá keyrðar saman við skrá Þjóðskrár og staða þeirra einstaklinga sem eru með mikla þjónustuþyngd verður skoðuð. Jafnframt verður athugað hvaða nýir einstaklingar eru að koma inn í þjónustuna á svæðunum.

Á grundvelli nýrrar reglugerðar og nýrra upplýsinga verða útreikningar framlaganna endurskoðaðir í byrjun árs 2014 og einnig í lok ársins 2014 á grundvelli nýrra upplýsinga um útsvarstekjur sveitarfélaga.

Endanlegt uppgjör framlaganna fer fram á árinu 2016 á grundvelli endanlegs álagningarsofnis útsvars fyrir árið 2014.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að fyrsta tillaga að áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 næmi 10.912,0 m.kr. Þar af eru leiðréttingar vegna ársins 2012 að fjárhæð 70,0 m.kr.

Við tillögugerð að áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTÖÐ

Viðbótarumsóknir vegna framlaga 2013

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsóknir frá Reykjavíkurborg vegna framlengingar á NPA samningum vegna tveggja einstaklinga. Nemur upphæð samninganna 12,3 m.kr. og hækkar framlag ársins til Reykjavíkurborgar því um 2,5 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framagreindar umsóknir Reykjavíkurborgar væru samþykktar og til úthlutunar kæmi viðbótarframlag að fjárhæð um 2,5 m.kr.

Með tilvísun til þessa nema heildarframlög Jöfnunarsjóðs vegna NPA á árinu 2013 91,1 m.kr. m.v. 20% kostnaðarþátttöku.

FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARNÁMI OG JÖFNUNAR Á AÐSTÖÐUMUN NEMENDA

Tillaga að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaga skólaárið 2013-2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðaðri áætlun framlaga til eflingar tónlistarfræðslu og jöfnunar á aðstöðumun nemenda skólaárið 2013 – 2014 á grundvelli reglugerðar nr. 23/2013.

Endurskoðuð tillaga að áætluðum framlögum til sveitarfélaga skólaárið 2013 – 2014 gerir ráð fyrir að 510,0 m.kr. verði dreift á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 23/2013 vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi. Tillagan tekur mið af endurskoðaðri nemendaskrá og fjölda kennslueininga frá ágúst 2013. Gert er ráð fyrir að uppgjör framlaganna vegna skólaársins 2013 – 2014 fari fram við greiðslu framlaga í ágúst 2014.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tillaga að áætlun framlaga á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 23/2013 að fjárhæð samtals 510,0 m.kr. verði samþykkt. Sá fyrirvari er hafður á tillögunni að framlenging samkomulagsins frá 13. maí 2011 muni ganga eftir en samkomulagið rann út 31. ágúst sl.

Við tillögugerð að áætlun almennra framlaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins til Mosfellsbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akureyrarkaupstaðar viku nefndarmennirnir Bryndís Haraldsdóttir, Bjarni Jónsson og Hermann Jón Tómasson af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

Úrvinnsla umsókna á grundvelli 7. gr. reglugerðarinnar nr. 23/2013 stendur nú yfir vegna söngnáms á grunnstigi og hljóðfæranáms á grunn- og miðstigi. Gert er ráð fyrir að yfirlit yfir áætluð framlög vegna skólaársins 2013 -2014 verði lagt fram á næsta fundi nefndarinnar.

ÖNNUR MÁL

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna ársins 2012 var lagður fram til kynningar á fundinum. Fram kom að tekjuafgangur á árinu hefði verið 2.574,6 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 2.725,9 m.kr., skuldir 4,7 m.kr. og eigið fé 2.721,2 m.kr.

Fundir á næstunni

Næsti fundur nefndarinnar verður 29. nóvember nk. Fundur ráðgjafarnefndar með forstöðumönnum skólaskrifstofa verður eftir hádegi sama dag. Á fundi ráðgjafarnefndar 13. desember nk. verða uppgjör framlaga ársins lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 15:15.

Halldór V. Kristjánsson